

Upplýsingablað



Upplýsingablað um hvernig strika skal yfir ónauðsynlegar upplýsingar í skjölum sem lögð eru fram til staðfestingar


Í samræmi við grundvallarregluna um að halda magni upplýsinga í lágmarki viljum við vekja athygli þína á því að á skjölum sem lögð eru fram til staðfestingar má strika yfir þá hluta sem við þurfum ekki á að halda við úrvinnsluna. Í þessu upplýsingablaði eru dæmi sem sýna hvaða skjöl er um að ræða og hvaða upplýsingar má strika yfir.

Afrit af persónuskilríkjum

Uppbygging og útlit skjalsins skulu haldast óbreytt og er því óheimilt að strika yfir stóra hluta þess. Aðeins skal strika yfir innihald reita en ekki yfirskrift þeirra. Einnig skal gæta þess að afrita getur þurft bæði framhlið og bakhlið skilríkjanna ef þar er að finna nauðsynlegar upplýsingar.

Eftirfarandi upplýsingar þurfa að vera skýrar og læsilegar en strika má yfir annað:

- Um hvernig skjal er að ræða (í þessu tilviki eru það persónuskilríki)
- Í hvaða landi var skjalið gefið út
- Eftirnafn, fornafn og fæðingardagur handhafa
- Heimilisfang handhafa
- Gildistími skilríkjanna



Heimild: *Innanríkisráðuneyti sambandslýðveldisins Þýskalands - Reglugerð um persónuskilríki og rafræn auðkenni (reglugerð um persónuskilríki – PAuswV) frá 1. nóvember 2010, BGBl. I nr. 54, viðauki 1, bls. 1469.*

Myndunum hér að ofan hefur verið breytt. Heimildin vísar til upprunalega skjalsins án yfirstrikana.



Afrit af ökuskírteini

Uppbygging og útlit skjalsins skulu haldast óbreytt og er því óheimilt að strika yfir stóra hluta þess. Aðeins skal strika yfir innihald reita en ekki yfirskrift þeirra.

Eftirfarandi upplýsingar þurfa að vera skýrar og læsilegar en strika má yfir annað:

- Um hvernig skjal er að ræða (í þessu tilviki er það ökuskírteini)
- Í hvaða landi var skjalið gefið út
- Eftirnafn, fornafn og fæðingardagur handhafa
- Gildistími skilríkjanna



Heimild: Innenministerium sambandslýðveldisins Þýskalands - Bundesdruckerei GmbH

Myndunum hér að ofan hefur verið breytt. Heimildin vísar til upprunalega skjalsins án yfirstríkana.

